

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjòlsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæði – uppsteypt hús – er lagt rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 490,00 (610,00)
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 490,00 (610,00)
gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Verð með virðisaukaskatti, 24,5% eru sýnd innan sviga.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 49, 17. janúar 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 26. júní 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 299

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi staðfestingu ráðuneytisins á sameiningu Hjarðarholtssóknar í Stafholtsprestakalli, Borgarfjarðarprófastsdæmi við Stafholts- og Norðtungusóknir í sama prestakalli.

„Ráðuneytið hefur móttengið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 13. maí s.l., þar sem farið er fram á stöðfestingu ráðuneytisins á því, að Hjarðarholtssókn í Stafholtsprestakalli, Borgarfjarðarprófastsdæmi verði sameinuð Stafholts- og Norðtungusóknum í sama prestakalli og að við skiptingu milli þessara tveggja sókna verði farið eftir hreppamörkum.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreinda breytingu, þannig að sá hluti Hjarðarholtssóknar, sem er í Þverárhlíðarhreppi sameinist Norðtungusókn og sá hluti hennar sem er í Stafholtstungnahreppi sameinist Stafholtssókn, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfundar, sbr. 4. gr.laga um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“